

Um fyrirtækið

- Ísteika ehf. er líftæknifyrirtæki sem stofnað var árið 2000 og vinnur verðmætt lyfjaefni úr hryssublóði.
- Nýsköpun Ísteika hefur getið af sér nýja búgrein og nú eru um eitt hundrað bændur í samstarfi.
- Framkvæmdastjóri er Arnþór Guðlaugsson.
- Vefsíða fyrirtækisins er www.isteka.is.

Um leyfi og eftirlit

- Ísteika starfar samkvæmt leyfi frá Lyfjastofnun sem gildir á öllu starfssvæði Evrópsku lyfjastofnunarinnar (EMA).
- Verksmiðja fyrirtækisins er einnig samþykkt af Bandarísku lyfjastofnuninni (FDA).
- Fyrirtækið uppfyllir alþjóðlega GMP (*Good Manufacturing Practice*) staðalinn sem er viðurkenndur í lyfjaframleiðslu.
- Afurðirnar og framleiðsluferlarnir eru samþykktir af þar til bærum alþjóðlegum aðilum.
- Starfsemin er undir eftirliti Matvælastofnunar.
- Fyrirtækið er með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun.

Blóðgjöfin

- Blóðgjöfin er framkvæmd af dýralæknum að undangenginni staðdeyfingu og er undir opinberu eftirliti Matvælastofnunar.
- Blóðgjöf er að hámarki 5 lítrar í hvert sinn.
- Að jafnaði gefur hryssa blóð fimm sinnum á sumri og aldrei oftar en átta sinnum.
- Rannsóknir hafa sýnt að blóðgjafirnar eru öruggar fyrir hryssurnar.

Gæðastýring

- Unnið er eftir ítarlegri gæðahandbók fyrir blóðgjafir.
- Sérstakur dýravelferðar- og gæðafulltrúi starfar hjá Ísteika sem hefur aðgengi að hrossum og aðstöðu hjá bændum til ráðgjafar og eftirlits.
- Afföll af hryssum á blóðgjafatímanum eru lítil, um eða tæplega 0,1%, sem er sambærilegt og hjá hrossum sem ekki gefa blóð.

Dýravelferðarsamningar

- Dýravelferðarsamningar eru gerðir við alla bændur sem eru í samstarfi við Ísteika, sem er einstakt á Íslandi.
- Samningarnir eru byggðir á skilyrðum Matvælastofnunar og Fagráðs um dýravelferð sem sett eru í samræmi við nýjustu lög og reglugerðir.
- Nú eru í gildi 99 velferðarsamningar við samstarfsbændur Ísteika.

Skjal þetta er unnið af Ísteika ehf. úr innri upplýsingum fyrirtækisins í mars 2021.

Ísteika í tölum:

Starfsmenn 2021: 41
-þar af með háskólapróf: 20

Fjöldi samstarfsbænda: 99
Fjöldi velferðarsamninga: 99

Velta 2020 í ISK: 1,7 milljarðar
-þar af útflutningur: 99%

Vefsíður leyfisgjafa og eftirlitsaðila:

Innlent:

www.mast.is
www.lyfjastofnun.is
ust.is

Alþjóðlegt:

www.ema.europa.eu
www.fda.gov

Tölfræði um blóðgjöf 2020:

Fjöldi blóðgefandi hryssa: 5.137
Fyljunarhlutfall: 84%
Fjöldi vinnudaga við blóðgjafir: 12
Meðalfjöldi blóðgefandi hryssa á bú: 52

Helstu ákvæði velferðarsamninga:

Skráning hjá MAST og í World Feng.

Sérstök ákvæði um nærgætni í umgengni og hvíld hrossanna.

Ákvæði um gott beitiland, aðgang að vatni og saltsteinum.

Víðtæk eftirlitsheimild til Ísteika á bæjum samstarfsbænda.

Sérstök ákvæði um góða aðstöðu þar sem blóðgjöf fer fram.

Bannákvæði velferðarsamninga:

Bann við fóstureyðingum blóðgjafahryssa.

Blóðgjöf ekki heimil þar sem velferðarfrávik hafa komið upp samkvæmt Matvælastofnun.